

Í trássi við staðlaðar ímyndir karlmennskunnar: Karlmenn og fötlun

Helga Þórey Björnsdóttir og
Hrefna K. Óskarsdóttir

Í grein í tímaritinu *Sexuality and Disability* fjallar breski fræðimaðurinn Tom Shakespeare (1999) um skort á rannsóknum og umfjöllunum um tengsl áhrif kyngervis¹ (*e. gender*) og fötlunar á hvort annað (sjá einnig Shakespeare, Gillespie-Sells og Davies, 1996). Shakespeare, sem sjálfur er fatlaður og hefur jafnframt verið mjög afkastamikill í skrifum sínum um líf og aðstæður fatlaðs fólks, segir að oft sé annað hvort litið framhjá kyngervi fatlaðs fólks eða það skilgreint og staðsett innan þess sem hann kallar „þriðja kynið“. Þar á hann við að ekki sé litið á viðkomandi einstakling sem karl eða konu, heldur hvorukyns eða kynlausan. Að mati Shakespeare er þetta þó einkum áberandi hvað fatlaða karlmenn varðar sem hann telur að hafi orðið útundan þegar tengsl þessara tveggja þátta, kyngervis og fötlunar, hafa verið skoðuð. Svipað viðhorf er að finna í skrifum mannfræðinganna Frances E. Mascia-Lees og Nancy Jonson Black (2000:87) sem benda á að í almennum orðræðum séu fatlaðir karlmenn frekar tengdir kvenleika en karlmennsku.

Þó svo að umfjöllun Shakespeare eigi aðallega við um Bretland og breskar aðstæður teljum við að vel megi heimfæra þessar staðhæfingar hans á íslenska umfjöllun og rannsóknir bæði í kynjafræðum og fötlunarfræðum. Tilgangur þessarar greinar er að benda á og undirstika þörfina á að íslenskt fræðasamfélag beini sjónum sínum að samspili fötlunar og ríkjandi karlmennsku-hugmynda. Þessir þættir eru tvímælalaust áhrifavaldar í persónusköpun og sjálfskilningi fatlaðra karlmannna sem og viðhorfi og viðmóti annarra í þeirra garð. Í greininni lítum við til hinna mismunandi sjónarhorna á fötlun og veltum fyrir okkur hvaða áhrif þessi sjónarhorn hafa á karlmennsku-hugmyndir fatlaðra karlmannna. Að sjálfsgöðu er hér ekki um tæmandi umfjöllun um stöðu rannsókna á tengslum fötlunar og karlmennskuhug-

¹ Á íslensku hefur þetta hugtak ýmist verið þýtt sem kyngervi eða kynferði. Að okkar mati vísar orðið kynferði mun sterkar til hins líffræðilega kyns einstaklingsins (*e. sex*). Í þessari grein notum við því orðið kyngervi.

mynda að ræða. Von okkar er hins vegar sú hún muni veita nokkra innsýn í helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið og geti á þann hátt orðið hvatnig til frekari rannsókna á þessu sviði.

Fötlun

Sjónarhorn sem byggja á læknisfræðilegum skilningi á fötlun (*e. disability*) hafa verið ríkjandi í hinum vestræna heimi mestan hluta síðustu aldra. Þar er litið á fötlun sem andstæðu þess sem talið er vera heilbriggt og eðlilegt. Til mótvægis og sem gagnrýni á þennan skilning hefur þróast hugmyndafræði sem byggir á félagslegri sýn á fötlun. Á áttunda áratug síðustu aldar var farið að þróa þennan félagslega skilning á fötlun en samkvæmt honum eiga samfélagslegar hindranir stóran þátt í að skapa fötlun einstaklingsins. Á Norðurlöndum hefur þróast félagsleg sýn á fötlun sem oft er kennd við tengsl einstaklings og samfélags (Rannveig Traustadóttir, 2004). Norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro (2004) telur að hægt sé að greina sameiginlegar hugmyndir Norðurlandabúa sem hann nefnir *norræna tengslaskilninginn um fötlun*. Það sem einkennir þennan skilning að mati Tøssebro er sú afstaða að fatlað fólk á ekki einhliða að þurfa að aðlaga sig samfélaginu, heldur verður jafnframt að laga umhverfið að þörfum þess.

Í Bretlandi hefur á undanförunum áratugum orðið til sérstök hugmyndafræði sem felur í sér róttæka endurskoðun á því hvernig ber að skilja fötlun. Hagsmunasamtök fatlaðs baráttufólks í Bretlandi gagnrýndu þá sýn að fatlað fólk gæti ekki tekið þátt í samfélaginu sökum líkamlegrar eða andlegrar skerðingar sinnar. Upp úr þessu þróaðist *breska félagslega líkanid um fötlun* sem leggur áherslu á að hindranir og hamlanir í samfélaginu orsaki fötlun einstaklingsins (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999). Eitt höfuðeinkenni þessa líkans er aðgreining líffræðilegra þátta (skerðingar) og félagslegra þátta (fötlunar). Ekki er litið svo á að fötlunin sé það sama og skerðingin eða að fötlun leiði af skerðingu. Þess í stað er fötlunin álitin orsakast fyrst og fremst af utanaðkomandi félagslegum þáttum (svo sem neikvæðum viðhorfum og ódagengilegum byggingum) (Rannveig Traustadóttir, 2003). Þetta líkan hefur haft áhrif á pólitíska stefnumörkun hagsmunasamtaka fatlaðra í Bretlandi sem nú leggja aukna áherslu á að fjarlægja hindranir í samfélaginu. Einnig hefur þessi félagslega sýn virkað frelsandi fyrir fatlað fólk.

Fötlunarfræði (*e. disability studies*) er tiltölulega nýtt fræðasvið sem hefur þróast í kjölfar þeirra umbrota og breytinga sem lýst hefur verið hér að framan (Priestley, 2003). Fötlunarfræði leggja grunn að því að skilja

menningu fatlaðs fólks og samfélagslegar aðstæður. Þetta er þverfagleg fræðigrein sem á meðal annars rætur í heimspeli, félagsfræði, sálarfræði, sögu og reynslu fatlaðs fólks (Johnstone, 2001). Nýlega er hafin kennsla í fötlunarfræði við Háskóla Íslands en fræðimenn á þessu nýja sviði eru fáir enn sem komið er.

Karlmennska

Karlmennska (*e. masculinity*) líkt og kvenleiki (*e. femininity*) eru hvort tveggja félagslega og menningarlega sköpuð hugtök sem byggja á hugmyndum um kyngervi einstaklinga. Líffræðingurinn Anne Fausto-Sterling (2000) bendir þó á að oftar en ekki byggji viðteknar kyngervishugmyndir á undirliggjandi hugmyndum um líkamann og hið líkamlega kyn. Kyngervi er þó ætíð ákveðin hugmyndafræði sem aðeins verður merkingarþær innan félagslegra og menningarlegra tengsla (Whitehead, 2002; Fausto-Sterling, 2000).

Sögulega má rekja hugmyndir um karlmennsku og kyngervi aftur til átjándu aldar er til varð hugtakið kyngervi með undirhugtökum sínum karlmennsku og kvenleika (MacInnes, 1998). Karlmannleiki þess tíma fól í sér ákveðna tengingu við guðdómleika og kristilegar dyggðir og var að sjálfsgöðu einnig tengdur félags- og efnahagslegri stöðu manna. Þá var lögð áhersla á að karlmenn væru ekki kvenlegir og tengsl karlmannleikans við líkamlegan styrk, afl og þol voru undirstrikuð.

Hvað felst nákvæmlega í hugtakinu karlmennska í dag og hvað átt er við með því hverju sinni er bæði aðstæðu- og einstaklingsbundið enda karlmenn alls ekki einsleitir hópur sem hægt er alháfa um. Karlmennska sem eitt form birtingarmyndar sjálfsmýndarinnar er breytileg í tíma og rúmi enda má líkja hugtakinu meira við flæði eða kerfi menningarlegra hugmynda og áhrifapátta en fastmótaða skilgreiningu (Kimmel, 1997; Whitehead, 2002). Ímyndir karlmennskunnar eru því margar og að sama skapi breytilegar og þær eru samofnar þáttum á borð sjálfsverund einstaklingsins, félags- og menningarlega staðsetningu hans sem og valdastöðu (Whitehead, 2002). Innan hugtaksins eru þó ákveðnir þættir, minni og gildi einkennandi hverju sinni og má þar nefna þætti á borð við hugrekki eða þor sem eru undirstrikaðir og jafnframt settir í samhengi við samfélagslegt umhverfi og atbeina karlmanna. Þessi þættir eru svo taldir lýsandi fyrir það sem einkum einkennir karlmenn og eru þar af leiðandi túlkaðir sem karlmennska. Þannig er gjarnan litið á karlmennskur sem félagslegan atbeina, sem samfélagslegt hlutverk og/eða gjörning. Í raun eru þessar ráðandi karlmennskuhugmyndir

birtingarmynd ákveðins valdastrúktúrs innan viðkomandi samfélags og sem hafa ekki einungis áhrif á stöðu og tengsl á milli karla og kvenna heldur einnig innan félagslegs kyngers karla (Connell, 1995). Að tilheyra þeim hópi karla sem skilgreindir eru sem hvítir, gagnkynhneigðir og sem aðhyllast kristið siðferði og norm hlýtur því að teljast eftirsóknarvert fyrir karlmenn, að minsta kosti vestræna karlmenn enda mynda slíkar skilgreiningar þann ramma sem karlmennskunormið og ráðandi hugmyndir um karlmennsku taka einkum mið af. John McIlvenny (2003) vill þó bæta við einu atriði enn við þann ramma sem hin fullkomna karlmennska rúmast innan en það er að hafa óbrotinn líkama; vera ófatlaður.

Karlmennska og fötlun

Ýmsir hafa orðið til þess að benda á ákveðna kynjagslasiðu hvað rannsóknir í fötlunarfræðum varðar og tala í því sambandi um skort á umfjöllun um konur og fötlun (sjá til dæmis umræður í Morris, 1993). Að sjálfsögðu er slíkt ekki algilt því sumar femínískar fræðikonur hafa verið virkar í rannsóknum sínum á konum og fötlun (sjá til dæmis Morris, 1991; Thomas, 1999; Fine og Asch, 1988; Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Rannveig Traustadóttir og Johnson, 2000). Sjónarhorn femínista hefur oft verið nokkuð annað en karlkyns fræðimanna þar sem þær hafa meðal annars lagt áherslu á að skoða persónulega þætti á borð við kyngervi, sjálfsmynd og tilfinningaleg tengsl. Karlkyns fræðimenn hafa aftur á móti mun frekar horft til opinberra og almennari þátta eins og atvinnu, búsetu- og efnahagsmála. Að mati Shakespeare (1999) hefur þessi áhersla á opinbert líf fatlaðs fólks leitt til þess að fatlaðir karlmenn eru mun sýnilegir í rannsóknum en konur og ýmsir aðrir valdalitir hópar, en jafnframt haft þau áhrif að kynjuð sjálfsmynd karla og tilfinningar koma lítið við sögu.

Ekki er þó við fræðimenn eina að sakast því eins og Finger (1992) talar um þá er eins og fatlað fólk eigi sjálft mun auðveldar með að fjalla um baráttumál sem tengjast þáttum eins og menntun, búsetu og atvinnu heldur en að skoða sjálft sig sem kynverur. Þetta endurspeglast vel í rannsókn Hrefnu K. Óskarsdóttur (2005) þar sem fötlud ungmenni töluðu um líf sitt og aðstæður og lögðu aðal áherslu á ytri þætti svo sem þjónustu, samfélagsleg viðhorf í þeirra garð og aðgengi, en nefndu lítt atriði sem viðkomu þeim sem kynverum.

Ímyndir fötlunar annars vegar og karlmennsku hins vegar eru að mörgu leyti mjög andstæðukenndar sem endurspeglast meðal annars í því að oftar

en ekki er lítið svo á að þetta tvennt fari ekki saman þegar kemur að sjálfsmyndarsköpun. Viðteknar hugmyndir um karlmennsku tengjast gjarnan líkamlegum þáttum (Fausto-Sterling, 2000; Morris, 1991) á borð við styrk og færni líkamans (McIlvenny, 2003) á meðan ímynd fötlunar er skortur á líkamlegri og andlegri færni. Við þetta blandast svo almennar hugmyndir um æskudýrkun og líkamlega virkni eins og Morris (1991) bendir á. Í þessu sambandi má minna á aðgreiningu breska félagslega líkansins á fötlun og skerðingu þar sem skerðing vísar til líffræðilegra þátta á meðan fötlun vísar til félagslegra þátta. Það getur því verið erfitt fyrir karlmenn með líkamlegar eða andlegar skerðingar að nálgast ríkjandi karlmennskuhugmyndir þar sem viðtekið sjónarhorn samfélagsins byggir á læknisfræðilegri sýn um að þeir séu andstæða hins sterka, heilbrigða og eðlilega karlmanns.

Fræðimaðurinn Mitchell Tepper (1999) sem sjálfur fatlaðist um tvítugt, fjallar í skrifum sínum um upplifun sína af ólíkum gerðum karlmennsku. Þar kemur fram að áður en hann hlaut skerðingu sína hafi hann haft mjög svo mótaðar hugmyndir um sjálfan sig sem karlmann, sem hann þurfti að taka til rækilegrar endurskoðunar eftir að hann fatlaðist. Tepper segir það hafa tekið mörg ár að vinna sig frá samfélagslega viðteknum hugmyndum um karlmennsku og kynverund sem á endanum tókst að einhverju leyti. Til marks um áhrifamátt slíkra hugmynda segir Tepper að enn heyi hann ákveðna baráttu gegn þeim og þá einkum þegar kemur að fyrirvinnuhlutverkinu sem kona hans sinnir á meðan hann gætir bús og barna (Tepper, 1999:41)

Líkami og fötlun

Í gegnum tíðina hefur líkami kvenna verið mun „sýnilegir“ en líkami karla og sem slíkur hefur hann verið huglægt og hlutlægt viðfang. Karllíkami er þó í vaxandi mæli að öðlast svipaða stöðu hvað þetta varðar eins og Shakespeare (1999) og Whitehead (2002) benda báðir á. Líkaminn og líkamlegar ímyndir skipta máli fyrir skilgreiningar á karlmennsku (Whitehead, 2002) og að sjálfstöðu gildir slíkt hið sama um skerðingu einstaklingsins.

Í umfjöllun Tepper (1999) kemur fram að kynjuð sjálfsmynd hans, bæði sem fatlaðs og ófatlaðs einstaklings, er í stöðugri mótun og endurskoðun og þar á líkami hans stóran hlut að máli. Gerschick (1998:196) bendir á að líkaminn sé félagslega skapaður að því leyti að fólk bregst við líkamleika hvers annars á mismunandi hátt. Þannig getur félagsleg virðing og viðurkenning einstaklingsins byggst á þeirri merkingarbærni sem líkami hans hefur innan viðkomandi samfélags (sjá einnig McIlvenny, 2003). Sem dæmi um

slíkt vitnar Gerschick til reynslu og upplifunar líkamlega fatlaðra íþróttamanna sem eiga oft erfitt með að öðlast viðurkenningu sem fullgildir íþróttamenn þar sem hinn „ófullkomni“ líkami þeirra fellur ekki að líkamlegri ímynd um hreysti og fullkomið útlit sem einkennir íþróttir. Mannfræðingurinn Robert Murphy (1990), sem sjálfur er fatlaður, tekur undir þetta og segir að fatlaðir karlmenn falli ekki að stöðluðum birtingarmyndum karlmennskunnar vegna þess að almennt séu þeir ekki taldi vera líkamlega fullfærir, aðlaðandi og/eða „sexí“. Hér er vert að undirstrika umfjöllun fræðimanna eins og Shakespeare (1999), Gerschick (1998) og Tepper (1999) sem benda á að sjaldan sé litíð á fatlaða karlmenn sem kynverur. Þannig segir Tepper til dæmis, og styðst við eigin reynslu, að fatlaðir karmenn eigi auðvelt með að eignast vini af gagnstæðu kyni þar sem sjaldan sé gert ráð fyrir því af hálfu hins aðilans að sambandið geti þróast út í að verða rómantískt og/eða kynferðislegt. Gera má ráð fyrir að svipað gildi um samkynhneigða fatlaða karlmenn.

Kynjaðar sjálfsmyndir

Upplifun líkamlegra fatlaðra karlmanna af ríkjandi kyngerd er oft á þá leið að finnast þeir vera dæmdir og skilgreindir út frá skerðingu sinni (Gerschick, 1998) og þannig útilokaðir frá hefðbundnum karlmennskuhugmyndum. Að mati Gerschick á slík útilokum sér einkum stað á karllægum sviðum samfélagsins eða þar sem karlmenskueiginleikar eru taldir hvað mikilvægastir. Þar má nefna atvinnu, íþróttir, ákvarðanatöku, sjálfstæði og hugmyndir um færan líkama. Þannig má segja að fatlaðir karlmenn séu oft taldir minna virði og að því leyti má staðsetja þá félagslega við hlið annarra jaðarhópa á borð við samkynhneigða. Slíkt þýðir þó ekki að þeir séu óvirkir gerendur í sjálfsmyndasköpun sinni því áður nefnd útilokun getur leitt til ákveðins andófs af þeirra hálfu sem meðal annars getur birtst í andsögum (*e. counter-narratives*) sem þeir búa sér til og byggja á sína kynjuðu sjálfsmynd (Gerschick, 1998; sjá einnig umfjöllun Smith og Sparkes, 2005). Í þeim sögum er skerðingunni stundum ýtt til hliðar eins og kemur meðal annars fram í rannsókn O'Neill og Hird (2001) á fötluðum samkynhneigðum karlmönnum. Þátttakendur þar kusu sér sjálfsmyndir sem byggðust á kynhneigð frekar en skerðingu og notuðu til þess andsögur byggðar á eigin upplifun og reynslu. Þannig komu þeir á framfæri andófi sínu gagnvart stöðluðum ímyndum fötlunar og karlmennsku í samfélaginu. Hér eiga orð Lilu Abu-Lughod (1990:42) vel við en hún snýr við staðhæfingu franska heim-

spekingsins Michael Foucault um vald og andóf, og segir „þar sem er andóf þar er vald“. Því eins og Nelson (2001) bendir á þá geta andsögur verið verkfæri hinna veiku og valdalitlu til að endurskapa sjálfsmynd sína og valdastöðu.

Lokaorð

Shakespeare (1999) og Thomas (1999) benda á nauðsyn þess að afbyggja þær stöluðu ímyndir sem einkenna umræðu um fötlun og karlmennskur. Eins og fram hefur komið og fræðimenn (Tepper, 1999; Shakespeare, 1996; Thomas, 1999; Murphy, 1999) benda á eiga skerðing og samfélagslegar ímyndir stóran þátt í að útiloka fatlaða karlmenn frá viðteknum hugmyndum um karlmennskur. Karlmenn eru eins mismunandi og þeir eru margir og að sjálfsögðu gildir slíkt hið sama um fatlaða karlmenn. Engu að síður er persónuleg upplifun af fötlun og skerðingu ætíð bundin kyni og kyngervi (Thomas, 1999) og því er nauðsynlegt að beina athyglinni að kynjaðri sjálfsmyndarmótun fatlaðra karlmanna með rannsóknum og skrifum. Við undirstrikum nauðsyn þess að opna umræðu hér á landi um karlmennskur og fötlun í víðu samhengi. Þó svo að þessi grein okkar sé á engan hátt tæmandi teljum við að hér sé um mikilvægt skref að ræða og von okkar er sú að hún geti orðið hvatning til frekari rannsókna og skrifa. Við viljum að lokum taka undir orð Gerschick (1998) sem bendir á að útilokun frá ríkjandi karlmennskuhugmyndum geti leitt af sér ákveðið andóf sem aftur getur leitt til myndunar nýrra kyngerva. Fatlaðir og ófatlaðir karlmenn geta því lært mikið hverjir af öðrum þegar kemur að mótun kynjaðra sjálfsmynda.

Heimildir

- Abu-Lughod, L. (1990). The Romance of resistance: Tracing transformations of power through Bedouin women. *American Ethnologist*, 17:41-55.
- Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability: A sociological introduction*. Cambridge: Polity Press.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Fausto-Sterling, A. (2000). *Sexing the body: Gender politics and the construction of sexuality*. New York: Basic Books.
- Fine, M. og Asch, A. (Ritstj.) (1988). *Women with disabilities: Essays in psychology, culture, and politics*. Philadelphia: Temple University Press.
- Finger, A. (1992). Forbidden fruit. Í *New Internationalist*, 233, 8-10.
- Gerschick T. J. (1998). Sisyphus in a wheelchair: Men with physical disabilities confront gender domination. Í J. O'Brien og J. A. Howard (Ritstj.) *Everyday inequalities: Critical inquiries*. Oxford: Blackwell.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósjnilegar fjölskyldur: Seinfærar/proskabestar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hrefna K. Óskarsdóttir (2005). *Ungt fatlað fólk: Sjálfstætt líf, sjálfstæð búseta*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Johnstone, D. (2001). *An introduction to disability studies*. (2. útgáfa). London: David Fulton.
- Kimmel, M. (1997). Masculinity as homophobia; Fear, shame, and silence in the construction of gender identity. Í M. M. Gergen og S. N. Davis (Ritstj.), *Toward a new psychology of gender* (223-242). New York: Routledge.
- MacInnes, J. (1998). *The End of masculinity: The Confusion of sexual genesis and sexual difference in modern society*. Buckingham: Open University.
- McIlvenny, P. (2003). Disabling men: Masculinity and disability in Al Davidson's graphic autobiography *The Spiral Cage*. Í S. Ervö og T. Johansson (Ritstj.), *Bending bodies: Moulding masculinities, Vol. 2*, 238-259. Aldershot: Ashgate Publishing Limited.
- Mascia-Lees, F. E. og Jonson Black, N. (2000). *Gender and anthropology*. Illinois: Waveland Press.
- Morris, J. (1991). *Pride against prejudice: Transforming attitudes to disability*. Philadelphia, PA: New Society Publishers.
- Morris, J. (1993). Gender and disability. Í J. Swain, F. S. Finkelstein og M. Oliver (Ritstj.), *Disabling barriers, enabling environments* (bls. 90). London: Sage.
- Murphy, R. E. (1990). *The Body silent*. New York: Henry Holt.

- Nelson, H. L. (2001). *Damaged identities, narrative repair*. Ithaca: Cornell University Press.
- O'Neill, T. og Hird, M. J. (2001). Double damnation: Gay disabled men and the negotiation of masculinity'. Í K. Backett-Milburn og L. McKie, (Ritstj.) *Constructing gendered bodies* (bls. 201-223). London: Palgrave.
- Priestley, M. (2003). *Disability: A life course approach*. Cambridge, UK: Polity Press.
- Rannveig Traustadóttir og Johnson, K. (Ritstj.) (2000). *Women with intellectual disabilities: Finding a place in the world*. London: Jessica Kingsley.
- Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rammsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (2004). Fötlunarfræði: Upphaf, þróun og fræðileg sjónarhorn. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rammsóknir í félagsvísindum V* (bls. 519-539). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Shakespeare, T., Gillespie-Sells, K. og Davies, D. (1996). *The sexual politics of disability: Untold desires*. London: Cassell.
- Shakespeare, T. (1999). The sexual politics of disabled masculinity. Í *Sexuality and Disability* 17, 53-64.
- Smith, B. og Sparkes, A. C. (2005). Men, sport, spinal cord injury, and narratives of hope. Í *Social Science og Medicine*, 61, 1095-1105.
- Tepper, M. S. (1999). Setting go of restrictive notions of manhood: Male sexuality, disability and chronic illness. Í *Sexuality and Disability*, 17, 37-52.
- Thomas, C. (1999). *Female forms: Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Open University Press.
- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6, 3-7.
- Whitehead, S. M. (2002). *Men and masculinities*. Cambridge: Polity Press.